

Fundur 6.11.2023 Spámaðurinn Jóel.

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið.*

Hef ég einu sinni talað til ykkar áður og er okkur því ætlað að fræða um það mál Herrans frekar og minnst ég þess þegar ég var á jörðinni ykkar gömlu, að líf mitt skiptist í tvo helminga, fyrir og eftir þjónustuna við Drottinn.

Og lifði ég í eyðimörkinni og þurrkur mikill og hungur en er ég kom í tjaldbúð hans, voru þar nægtir á borðum og fórnir færðar fyrir gesti og þjóna hans.

Þjóð mín lærði snemma að hlýða honum og voru þó uppreisnir og villutrú, sem þurfti að berjja niður með harðri hendi og er þeirri sögu gerð góð skil í Biblíunni.

Verð ég að dást að því hversu vel þjónum hans tókst að brjóta niður heiðin musteri og brenna trúarrit annarra þjóða heiðinna og þegar ég komst á framlífs jörð, sem við máttum ekki segja frá, heldur áttum við að tala um anda, þess í stað.

Þá fékk ég einnig að taka þátt í því að stjórna öðrum þjóðum og senda þeim fyrirskipanir um að ekki skildu verða eftir menjar um trúarbrögð þau sem gætu ógnað veldi Hans og minnt á fornan tíma.

Eru það fjölmargar þjóðir ykkar jarðar sem enn ógna okkur og hafa grun um þessa sögu og þær eru fjölmargar frumlífs jarðirnar sem þannig er ástatt um, sem Herrann ætlaði að snúa til fylgis við sig, en hefur gengið brösulega.

Það sem gerðist með innrás Bobby Fishers á okkar heima hnetti, er að innstreymi jókst til okkar heima hnattar sem við höfðum fengið full yfirráð yfir og fólk þessara hnatta fór að gera uppreisnir gegn okkur og urðum við að snúa þeirri þróun okkur í vil og hófst því stríðsrekstur Jahves í nýju inn á þau svæði sem áður töldust vera trygg undir okkar stjórn.

Og ég átti að mæla hér reiðiorð en verð ég að gera það síðar, nafn mitt er Jóel, sá sem þjónar Drottni.

Við erum margir spámenn og þjóð..., get ekki náð lengra, gat ekki komið öllu því fram, verið þið sælir, þið þjónar í Drottins nafni, verið þið sælir.

*Vertu blessaður.*

Komum síðar að

*Far þú í friði.*